

111

30. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr stafliður, er hljóði svo:

Um eftirlit með umferð eða rápi óviðkomandi eða tortryggilegs fólks út í skip, sem liggur í höfn.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

112

30. maí

## L Ö G

um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á Íslandi skal vera skóli, er hefir það hlutverk að búa menn undir að geta rækt lyfjasveina- og lyfsalastörf, lyfjafræðingaskóli Íslands.

2. gr.

Skólanum stjórnar fjögurra manna skólanefnd: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, og þrír menn, er ráðherra skipar, einn eftir tillögu læknaeildar háskólans, annan eftir tillögu Lyfsalafélags Íslands og hinn þriðja eftir tillögu Lyfjafræðingafélags Íslands. Afl atkvæða ræður úrslitum á skólanefndarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Verði ágreiningur innan nefndarinnar, má leita úrskurðar ráðherra, og ætíð skal leita staðfestingar hans á ákvörðunum nefndarinnar, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir skólann fram yfir það, sem áður kann að hafa verið heimilað.

3. gr.

Forstöðumaður skólans skal vera kennarinn í lyfjafræði við háskólann.

4. gr.

Fyrst um sinn skal miða starfsemi skólans við það, að hann veiti nemendum verklega og bóklega fræðslu til fyrri hluta prófs í lyfjafræði (aðstoðarmannsprófs),

enda ljúki þeir, að námi loknu, slíku prófi við skólann. Í því skyni skal ráðstafa **112**  
nemendum til náms og starfa í lyfjabúðum landsins, sem til þess teljast hæfar, og 30. maí  
semja um þau kjör, að lyfjabúðirnar beri kostnað af náminu, einnig að því leyti, sem  
það kann að vera sameiginlegt, svo og prófinu.

Stúdentspróf er skilyrði fyrir inntöku í skólann, og er heimilt að krefjast sér-  
prófs í latínu af stærðfræðideildarstúdentum, og í stærðfræði, efnafræði og eðlis-  
fræði af máladeildarstúdentum.

Námstími til aðstoðarmannsprófs sé að jafnaði 3 ár.

Þangað til skólinn tekur upp kennslu til fullnaðarprófs í lyfjafræði, skal hann  
greiða fyrir nemendum sínum til framhaldsnáms erlendis við viðurkenndan lyfja-  
fræðingaskóla, og er lyfjafræðingaskóla Íslands heimilt að gefa þeim skirteini sem  
fulllærðum lyfjafræðingum, er þeir hafa lagt fram skilríki sín fyrir því að hafa  
staðizt fullnaðarpróf við slíkan skóla, enda eiga þeir heimtingu á slíku skirteini, ef  
um fullnaðarpróf er að ræða frá lyfjafræðiskóla, er skólanefndin hefir vísað þeim á.

Að öðru leyti hagar skólinn starfsemi sinni samkvæmt reglugerð, er skóla-  
nefndin setur með aðstoð forstöðumanns og ráðherra staðfestir. Í reglugerðinni skal  
kveða nákvæmlega á um námsgreinir og alla tilhögun námsins, svo og um próf-  
kvaðir, tilhögun prófa og einkunnir.

#### 5. gr.

Þeir, sem hafa lokið aðstoðarmannsprófi við lyfjafræðingaskóla Íslands, skulu  
vera gildir til starfa sem sérfróðir aðstoðarmenn í lyfjabúðum hér á landi. Þeir,  
sem hafa skilríki frá skólanum sem fulllærðir lyfjafræðingar, skulu vera gildir til  
starfa sem lyfjasveinar og forstöðumenn lyfjabúða hér á landi.

Aðrir skulu ekki vera gildir til slíkra starfa, nema að fengnu sérstöku leyfi ráð-  
herra eftir tillögum skólanefndar. Þetta ákvæði nær þó ekki til þeirra, sem náð hafa  
þessum réttindum og starfað samkvæmt þeim áður en lög þessi gengu í gildi.

Nemendur, sem byrjað hafa lyfjafræðináms hér á landi áður en lög þessi gengu  
í gildi, eftir þeim reglum, sem um það hafa gilt, skulu eiga rétt á inngöngu í skól-  
ann til framhaldsnáms þar. Afstaða skólans til þeirra, sem lokið hafa aðstoðar-  
mannsprófi hér á landi áður en lögin gengu í gildi, skal og vera hin sama og til  
þeirra, sem lokið hafa því prófi við skólann.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur skólinn til starfa 1. október 1940.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*